

**Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 31. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar (711. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér nýja heildarlöggjöf um ökutækjatryggingar.

Vegna ofangreinds frumvarps tekur Viðskiptaráð Íslands undir þær athugasemdir er koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja. Þess að auki telur ráðið ástæðu til að ítreka athugasemdir vegna váttryggingarskyldu allra ökutækja eins og sett er fram í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er skilgreining á hvað telst til ökutækja og öll þau ökutæki sem þar falla undir skulu vera váttryggð. Hins vegar er enginn greinarmunur gerður á því hvort viðkomandi ökutæki sé skráningarskyldt eða ekki. Ógjörningur er að fylgja slíkri tryggingarskyldu eftir enda ekki með nokkru móti hægt að fylgjast með því hvaða ökutæki eru til staðar og eiga að vera tryggð. Gera verður þá kröfu að hægt sé að fylgja eftir skyldu til váttryggingar eins og þeirri sem frumvarpið mælir fyrir um. Það er til að mynda hægt með því að hún nái aðeins til þeirra sem eru skráningarskyld. Viðskiptaráð leggur því til að váttryggingarskylda samkvæmt frumvarpinu nái aðeins til skráningarskyldra ökutækja.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands